

## Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 15. apríl 2014 kl. 13:15-15:00 í Nýja Garði

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Benedikt Hjartarson (B&L), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Róbert H. Haraldsson (HEIM), Höskuldur Þráinsson (MVS), Kolfinna Jónatansdóttir (DOKT), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Arnfríður Guðmundsdóttir (GUÐ) og Irma Erlingsdóttir (EDDA) boðuðu forföll.

### Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Samþykkt (með lagfæringum á málfari).

2. *Rannsóknasjóður – úthlutun styrkja*: ESS kynnti tillögu að úthlutun. Umræða varð um hvernig ætti að meta kostnað verkefnastjóra hjá stofnunum við úthlutun styrkja. Umræðu var haldið áfram í lok fundar. Stjórnin bað um tillögu að reglum í tíma fyrir næsta umsóknafrest. Tillaga að úthlutun samþykkt einróma (listi yfir úthlutun á næstu síðu).

3. *Arctic Circle rástefnan*: Bjargey Anna Guðbrandsdóttir, verkefnissjóri fyrir framhaldsnám í umhverfis- og auðlindafræði, kynnti fyrirhugaða ráðstefnu nk. haust og átaksverkefni í HÍ um norðurslóðir. HÍ hefur ekki verið mjög sýnilegur í þessum málaflokki. Í verkefninu felst m.a. kortlagning á rannsóknum innan HÍ sem tengjast norðurslóðum.

4. *Ritið*: Stjórn Hugvísindastofnunar fékk erindi frá fræðimanni vegna greinar sem hann skrifaði fyrir *Ritið* og var hafnað. Taldi hann ýmisleg að við mats- og ákvarðanaferli *Ritsins*. Eyja M. Brynjarsdóttir, annar ritstjóra *Ritsins*, kom á fund til að svara fyrirspurnum um málið. Í máli hennar kom m.a. fram að mörgum greinum hafði verið hafnað í umrætt tímarit og eins að málsmeðferð hefði tekið lengri tíma en eðlilegt væri. Eins kom fram að það væri þörf á að skýra og lagfæra vinnuferla hjá *Ritinu*. Samþykkt var að ÁE svaraði bréfitara þar sem hann afsakaði tímamann sem málið hafði tekið í meðförum og gerði grein fyrir umræðu á fundinum.

4. *Önnur mál*: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:05

## Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: Úthlutun 2014-1

Umsókn	Fl.	Lýsing	Úthlutun
B&L-1	3	Michael Zink: fyrirlestur, málstofa, kennsla	100.000
B&L-2	1	Earth 101 - ráðstefna	300.000
B&L-3	1	Innlend ráðstefna: Matthías Viðar Sæmundsson	125.000
EDDA-1	1	Alþjóðleg ráðstefna: "Persistence of Gender Inequalities in Conflict Prevention and Peace Processes"	300.000
EDDA-2	2	Jason Beckfield: fyrirlestur á málstofu	25.000
GUÐ-1	1	Innlend ráðstefna: Einar Sigurbjörnsson	125.000
GUÐ-2	1	Innlend ráðstefna: kvenprestar	125.000
GUÐ-3	3	Anna Carter Florence: fyrirlestur, kennsla	100.000
HEIM-1	1	Alþjóðleg ráðstefna: "Comparative and Continental Philosophy Circle"	300.000
KONF-1	1	Innlend ráðstefna: "Transphilosophies – Sino-Western comparison"	125.000
MÁL-1	4	Tilbrigði við setningagerð	175.000
MIÐ-1	7	Þróun umsóknar í Marie Curie ITN	400.000
RIKK-1	1	Alþjóðleg ráðstefna: "Multitude of Encounters with Asia – Gender Perspectives"	300.000
SAGN-1	1	Innlend ráðstefna: "Ísland í Danaveldi og norðurslóðir"	125.000
SAGN-2 (SJ)	5	Sverrir Jakobsson vegna greinar í Revue Historique	40.000
SAGN-3 (HP)	5	Helgi Þorláksson vegna ritgerðar í ritrýndri bók	40.000
SAGN-4 (SGM)	5	Sigurður Gylfi Magnússon vegna fyrirlesturs og greinar	40.000
SAGN-5	1	Innlend ráðstefna: Fyrri heimsstyrjöldin	125.000
SAGN-6	3	William Cronon: fyrirlestur	0
SVF-1	1	Alþjóðleg ráðstefna: "Nordic Intercultural Communication"	300.000
<b>Samtals</b>			<b>3.170.000</b>

Upphæðir eru í öllum tilfellum hámarksupphæðir. Endanleg upphæð fer eftir útlögðum kostnaði skv. reglum sjóðsins.